

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi).

Framleiðsla og útflutningur á PMSG/eCG hormóni er arðbær starfsemi sem skilar tekna til þjóðfélagsins. Þrátt fyrir það er hún starfsemi sem á ekki að fá að líðast. Framleiðslan getur ekki átt sér stað án þess að þar eigi sér stað hagnýting og ofbeldi gegn dýrum sem geta ekki varið sig gegn eða neitað meðferðinni sem þau þurfa að sæta.

Í myndböndum frá erlendum dýraverndarsamtökum sést slæm meðferð á dýrum sem ætti að vekja alla til umhugsunar um blóðmerahald. Þessara myndbanda ætti samt ekki í raun að vera þörf. Fyrir birtingu þeirra var kýrskýrt að í blóðmerahaldi felst meðferð á dýrum sem við viljum vonandi fæst að eigi sér stað. Það er ekki að ástæðulausu að Ísland er eitt af örfáum ríkjum í heiminum þar sem þessi starfsemi er lögleg. Ríki sem við berum okkur gjarnan saman við vilja ekki sjá þennan iðnað innan sinna landamæra.

Blóðmerar eru margar hverjar hálfvilt dýr sem eiga sérstaklega erfitt með að vera sett í bása og að framkvæmd sé á þeim blóðtaka. Þær eru skyni gæddar verur sem geta fundið fyrir sársauka og tengst öðrum dýrum tilfinningaböndum. Merarnar veita ekki samþykki fyrir blóðtöku. Þær hafa ekkert val. Þær eru neyddar. Folöldin þeirra eru mörg tekin af þeim ung. Bera þær ekki tilfinningalegan skaða af því að afkvæmi þeirra er stolið frá þeim? Þessa reynslu ganga merarnar flestar í gegnum nokkrum sinnum á ævinni.

Folöldin eru oft leidd til sláturs ung og líf þeirra því skammt. Virði lífs þeirra virðist frá okkar (mannfólksins) bæjardýrum séð að flestu leyti aðallega falið í því að hagkvæmara sé fyrir okkur að framleiða svínakjöt. Við framleiðum og drepum dýr til að hagkvæmara sé fyrir okkur að framleiða og drepa fleiri dýr.

Flest viljum við koma mannúðlega fram við dýr. Mörg hver teljum við okkur dýravini. Í mannúð felst að sýna umhyggju. Í framleiðslu dýraafurða felst hagnýting á dýrum. Stundum er hagnýtingin bersýnilega gegn þeirra vilja dýranna. Stundum er það ekki jafn augljóst, en hver á þá að njóta vafans? Þegar meri berst um í bási er vilji hennar augljós. Þegar svín öskrar af sársauka í gasklefa sláturhúss eru skilaboðin augljós. Í þessari meðferð er nákvæmlega engin mannúð, góðvild eða umhyggja.

Stundum eru ákveðnar gjörðir eða athafnir, sem eru ekki endilega taldar góðar, nauðsynlegar í heiminum. Í þau skipti getur framkvæmd þeirra talist réttmætanleg. Blóðmerahald er ekki nauðsynlegt. Neysla svínakjöts er okkur ekki nauðsynleg. Á Íslandi höfum við neytendurnir val um að neyta vara sem fela ekki í sér ónauðsynlega hagnýtingu og slátrun á dýrum. Þegar við erum í matvörubúð getum við valið á milli kúamjólkar og haframjólkar. Snínasnitsel eða vegan snitsel. Plöntumiðað fæði lágmarkar þá þjáningu sem við völdum dýrum. Okkur, sem höfum valið, ber siðferðileg skylda til að velja þá vöru sem veldur skyni gæddum dýrum sem minnstri þjáningu.

Í þessari umsögn hefur aðallega verið fjallað um blóðmerahald út frá dýravelferðar- og siðferðissjónarmiðum. Rétt er að minnast einnig á umhverfissjónarmið. Sumir aðilar hafa haldið því fram að hormónið sem framleitt er úr blóði blóðmera stuðli að umhverfisvænni svínakjötsframleiðslu. Ef við viljum raunverulega minnka umhverfisspor af neyslu matvara þá minnkum við eftir fremsta megni eða hættum alfarið neyslu dýraafurða. Framleiðsla

dýraafurða krefst meira vatns og landrýmis heldur en framleiðsla plöntuafurða, auk þess sem kolefnisfótspor dýraafurða er nánast undantekningarlaust mun hærra. Þetta hefur bæði vísindasamfélagið og Sameinuðu þjóðirnar bent á. SP hafa biðlað til þjóða heimsins að stuðla að aukningu plöntumiðaðs mataræðis og minni kjötneyslu. Það er einfaldlega ekki sjálfbært að brauðfæða heiminn á jafnmiklum dýraafurðum og við gerum í dag.

Undirritaður er fylgjandi því að umrætt frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllt,
Halldór Atlason